

## Slökkvistöðvar – plásspörf

Algengt er að leitað sé álits Mannvirkjastofnunar á plásspörf á slökkvistöðvum. Leiðbeiningum þessum er skipt eftir fjölda slökkvibíla sem ætlunin er að hafa á slökkvistöðinni.

### Einn slökkvibíll

Mannvirkjastofnun telur að lágmarkskröfur til húsnæðis á slökkvistöð þar sem hafður er einn slökkvibíll séu 100-120 m<sup>2</sup> og er sú þörf fundin með eftirfarandi hætti.

Ekki er gert ráð fyrir að mannaflí gisti á slökkvistöðinni þar sem eingöngu er einn bíll á slökkvistöð.

Gera verður ráð fyrir að lengd slökkvibíls sé allt að 8 m og gera ráð fyrir a.m.k. 1,5 m vinnusvæði við bílinn framan og aftan við hann. Lengd stöðvar að lágmarki 11 m að innanmáli, u.þ.b. 12 m að utanmáli.

Gera verður ráð fyrir 4 m breiðum útkeyrsluhurðum og a.m.k. 1,5 m vinnusvæði kringum bílinn hvorum megin. Breidd vinnusvæðis við slökkvibíl að lágmarki 7 m að innanmáli. Fyrir annan lausan búnað þarf að lágmarki 10 m<sup>2</sup>. Auk þess þarf aðstöðu fyrir þrif á búnaði þ.m.t. þrif á persónulegum hlífðarfátnaði. Eigi að vera loftdæla í slökkvistöðinni þarf að gera ráð fyrir u.þ.b. 6 m<sup>2</sup> aðstöðu fyrir vinnu við loftkúta.

Slökkvistöðvar eru vinnustaður þeirra slökkviliðsmanna sem sinna sínum störfum út frá stöðinni, þær þurfa því að uppfylla kröfur um vinnustaði varðandi kaffistofu, snyrtingar og böð, kaffistofu má þá einnig nýta við yfirferð faglegs efnis í tengslum við æfingar og útköll. Gera má ráð fyrir að fyrir 7-8 manns þurfi a.m.k. 10-12 m<sup>2</sup> kaffistofu og a.m.k. 10 m<sup>2</sup> böð og snyrtingar. Einnig verður að vera rými til að geyma persónulegan hlífðarfátnað á viðunandi hátt, en fyrir skáp og athafnarými hvers slökkviliðsmanns þarf rúmlega 1 m<sup>2</sup>, fyrir 7-8 menn þarf því u.þ.b. 10 m<sup>2</sup>.

Hægt er að haga því þannig að geymsla búnaðar og aðstaða fyrir starfsmenn sé sitt á hvorri hæðinni og spara þannig grunnflöt húsnæðisins. Þó með þeim takmörkunum að geymsla búnaðar og persónuhlífa og annars búnaðar sem notaður er í útköll verður ávallt að vera á jarðhæð en kaffistofa, snyrtingar og böð mega vera á efri hæð.

Heildarplásspörf vegna 1 slökkvibíls er því u.þ.b. 120 m<sup>2</sup>. Sé loftdæla á slökkvistöðinni þarf að bæta við 6 m<sup>2</sup>.

### Tveir slökkvibílar

Þegar tveir slökkvibílar eru á slökkvistöð þarf að bæta við rými fyrir annan slökkvibíl u.þ.b. 80 m<sup>2</sup>. Gera má ráð fyrir að önnur aðstaða þurfi ekki að stækka fyrr en bætt er við þriðja bíl.

Heildarplásspörf vegna 2 slökkvibíla er því u.þ.b. 200 m<sup>2</sup>. Sé loftdæla á slökkvistöðinni þarf að bæta við 6 m<sup>2</sup>.